

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 11. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Dalamanna.

Búnaðarsamband Dalamanna gerir, á grundvelli laga nr. 7 frá 12. janúar 1945, svofellda húsagerðarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið samþykktar.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirtalin búnaðarfélag á starfssvæði Búnaðarsambands Dalamanna. Bf. Hörðudalshrepps, Bf. Miðdalshrepps, Haukdalshrepps, Bf. Laxárdalshrepps, Bf. Hvamshrepps, Bf. Fellsstrandarhrepps, Bf. Klofningshrepps, Bf. Skarðshrepps og Bf. Saurbæjarhrepps.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum á samþykktarsvæðinu og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsnum, sem kostur er á. Þessum tilgangi vill sambandið ná með því sem fyrst og eftir því, sem aðstaða leyfir, að taka að sér byggingu íbúðarhúsa og útihúsa á sambandsvæðinu, þannig að það ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til sem fullkomnastar vélar og tæki til vinnunnar.

II. KAFLI

Skipan og valdsvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Dalamanna hefur á hendi yfirstjórn allra byggingarframkvæmda, er sambandið tekur að sér. Ráða má sérstakan framkvæmdastjóra í samráði við forstöðumann Byggingstofnunar landbúnaðarins. Með erindisbréfi skal framkvæmdastjóra falin yfirstjórn daglegs reksturs, þar með talin yfirstjórn vinnuflokka, enda hafi hann full réttindi húsasmíðameistara. Þó má, ef ekki er annars kostur, ráða mann, sem ekki hefur full réttindi, ef hann, að dómi sambandsins Búnaðarfélag Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins, telst fullfær til að taka starfið að sér.

Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um getur í 2. grein samþykktar þessarar, skulu ráðnir í samráði við forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra. Stjórnin getur falið 2 mönnum úr stjórn sambandsins að annast, ásamt framkvæmdastjóra, um stjórnarframkvæmdir þær, er um

getur í 5. og 6. grein, svo og umsjón með rekstri fyrirtækisins og nefnast þeir framkvæmdastjórn. Stjórnin heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar, vegna þessarar starfsemi sambandsins.

4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því, er með þarf, til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingarframkvæmdum sambandsins. Skytt er henni að leita aðstoðar forstöðumanns Byggingastofnunar landbúnaðarins um kaup og val hentugra véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa. Forstöðumaður Byggingastofnunar ákveður, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve mörg veggjamót og vélar kaupa skuli.

5. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

6. gr.

Framkvæmdastjórn tekur á móti umsóknum frá félagsmönnum um byggingaframkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sambandið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður, í samráði við framkvæmdastjóra, hvenær og í hvaða röð verkefni eru tekin.

7. gr.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón allra vinnuflokka og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingaframkvæmdir, nema annað þyki henta. Enn fremur ber honum að fylgjast með því, að verkkaupandi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum eru sett af sambandsstjórninni og hefur að öðru leyti daglegt eftirlit með rekstrinum. Honum er og skytt, í samráði við verkstjóra, að veita verkkaupanda nauðsynlegar upplýsingar og áætlanir um efni til bygginganna ásamt öllum leiðbeiningum, er þörf kann að vera fyrir.

8. gr.

Allir samningar, sem stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarsambandsins samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og búnaðarfélagin, er að samþykktinni standa, án þess, að það hafi verið sérstaklega undir þá horið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi búnaðarsambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Nú sækir félagsmaður sambandsins um, að það annist byggingaframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkjum, gerð af Byggingastofnun landbúnaðarins eða samþykkt af henni. Nú er kostnaðarmaður byggingar óánægður með tillögur þær, er fyrir liggja, og getur hann þá skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, sem fellir um þær fullnaðarúrskurð. Verkeiðni fylgi samþykki hlutaðeigandi byggingayfirvalda á staðsetningu byggingar. Jafnframt sé fram tekið, hvenær verkeiðandi telji sig hafa lokið þeim undirbúningsframkvæmdum, sem sambandið gerir kröfu til, áður

en umsamin verk þess hefjast. Umsóknir skulu komnar til sambandsstjórnar eigi síðar en í nóvemberlok ár hvert.

10. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, er um getur í 9. grein, ber stjórn búnaðarsambandsins, í samráði við framkvæmdastjóra, að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingaframkvæmdir yfirstandandi árs.

Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjóra er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði, við flutning véla og verkfæra.

12. gr.

Til þess að búnaðarsambandið taki að sér byggingaframkvæmdir, skal verkkaupandi hafa fullnægt eftirtöldum skilyrðum: Lagt inn greiðslu í sjóð félagsins, sem stjórn sambandsins telur fullnægjandi til að ljúka verki því, sem það tekur að sér að annast. Heimilt er verkkaupanda að leggja fram sem greiðslutryggingu ávísun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggja fyrir yfirlýsing frá stofnunum um lágmarksupphæð á láni eða styrk, sem veittur yrði. Nú hefur verkkaupandi fullnægt, að dómi framkvæmdastjóra, framangreindum skilyrðum, og skulu þeir þá gera með sér verktökusamning.

Verkkaupandi skal grafið fyrir húsi, ennfremur gert aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við bygginguna, tryggt nóg vatn til steypunnar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema sérstaklega hafi verið um annað samið.

13. gr.

Byggingaframkvæmdum sé yfirleitt hagað þannig, að sem haganlegast sé fyrir báða aðila, sé að sumrinu unnið að steypuvinnu og húsin gerð fokheld. Að því leyti, sem sambandið tekur að sér innanhússvinnu, er gengið út frá því, að hún fari fram að vetrinum. Vanda skal val manna við vinnuna eftir því sem kostur er á, og sé að minnsta kosti einn maður í hverjum flokki fær til að vinna á eigin ábyrgð að þeim verkefnum, sem flokknum er ætlað að leysa af hendi, enda sé hann verkstjóri flokksins.

Byggingarvinnan skiptist milli vinnuflokka eftir því, sem stjórn og framkvæmdastjóri telja hagkvæmast, jafnframt því að tryggð sé nægileg verkvöndun.

14. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum búnaðarsambandsins, og er þá heimilt að taka verk fyrir aðra aðila á samþykktarsvæðinu, enda sé farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupanda eftir reikningum.

IV. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar.

15. gr.

Kostnaður við þær framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusam-

ingi þeim, er um ræðir í 6. og 12. grein þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn og framkvæmdastjóra búnaðarsambandsins að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir, en fullnaðarupphæð sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verk-taxtar séu miðaðir við meðaltalsbyggingakostnað næstliðins árs, eins og hann hefur verið reiknaður af Byggingastofnun landbúnaðarins og með hliðsjón af verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

Nú hefur Landnámsstjórn ríkisins heitið styrk til húsagerðar, er sambandið tekur að sér samkvæmt samþykkt þessari, og á það þá kröfu til að fá styrkinn greiddan, þegar verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærrí fjárhæð en svarar að gera húsið fokhelt.

16. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla, áhalda og veggjamóta og greiðslur fyrningargjalds af þeim.

Kostnaður við flutning þeirra milli vinnustaða, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlielgu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að ákveða að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

Áhættuþóknun af verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn og annar hagnaður af þeim, skal leggja í byggingarsjóð búnaðarsambandsins.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Búnaðarsambandið myndar byggingarsjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhaldum og veggjamótum við byggingarframkvæmdir sambandsins.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins út á þær vélar, er keyptar verða, enda liggja fyrir samþykki Byggingarstofnunar landbúnaðarins og stjórnar Búnaðarfélags Íslands um þörf sambandsins fyrir þann vélakost.
2. Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Dalamanna, er nemi $\frac{1}{6}$ heildarstofnfjárins. Eftirstöðvar stofnfjárins, $\frac{1}{6}$ hluta, tekur Búnaðarsamband Dalamanna að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára, og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturskostnaðar við byggingaframkvæmdir.
3. Tekjur þær, sem inn kunna að koma samkvæmt 17. grein.

19. gr.

Nú kemur síðar í ljós, að áliti búnaðarsambandsstjórnar, að auka þurfi byggingarsjóð, og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins og senda þær öllum búnaðarfélögum er að samþykkt standa, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins samþykkir að auka byggingarsjóð sambandsins, er samþykktin bindandi fyrir búnaðarfélögin.

20. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins ber að taka þær greiðslutryggingar, sem fyrir er mælt í 12. grein miðað við áætlaðan kostnað búnaðarsambandsins af hverri byggingu. Lokagreiðslur fara fram samkvæmt ákvæðum verktökusamnings.

Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsambandið samkvæmt samþykkt þessari, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, eftir lánum þeim, sem á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og vikja aðeins fyrir þeim opinberum gjöldum og fylgifyrirkröfum, ef um óðalsjarðir er að ræða. Skuldir þessar má taka lög taki.

21. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að taka rekstrarlán gegn tryggingu í ávisun og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tím-anlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur sambandsins er hald-inn. Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kosnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega og hafa eftirlit með starfsrækslu stjórnar og framkvæmdastjóra í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi búnaðarsambandsins. Þar gefur stjórn eða framkvæmdastjóri skýrslu um stafsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til.

VII. KAFLI

Um breyting samþykktá og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma frá búnaðarfélögum um breyting á samþykkt þessari, skulu sendar sambandsstjórn, sem sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykktinni standa samkvæmt 1. grein. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu og sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og varða þau sektum 1 000—100 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsaagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast begar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

S A M Þ Y K K T

um stjórn bæjarmálefna Seyðisfjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipun bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn, og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

- a. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
 1. Árlega ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir hvert reikningsár (almanaksár), og eigi síðar en í marsmánuði. Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana skuli hagað, sbr. b-lið, enn fremur skal greina, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
 2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, sammingsbundin eða leiða af fyrri samþykktum bæjarstjórnar, má eigi greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar, og að jafnaði skal eigi greiða fé úr bæjarsjóði nema með samþykki bæjarstjóra.
 3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
 4. Bæjarstjórn skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins, eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
- b. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- c. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og ákveður laun þeirra.
- d. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrár fyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.